

Að þreyja góuna

Eftir Gunnar Baldvinsson

Góan er framundan en hún er fimmtí og næstsiðasti mánuður vetrar samkvæmt gömlu íslensku tímatali. Góan tekur við af þorr- anum og hefst á sunnu- degi á bilinu 18.-24. febrúar og stendur þar til einmánuður tekur við. Þorrinn og góan þóttu erfðastir vetr- armánaða þar sem oft var farið að ganga á matarbirgðirnar. Á fyrri tím- um var stundum talað um „að þreyja þorrann og góuna“ í merkingunni að lifa af þeim birgðum sem hafði verið safnað fyrir veturinn.

Líkja má lífeyrismálum við búskap fyrir alda. Nútímafólk leggur fyrir á starfsævinni og byggir upp eft- irlaunasjód og lífeyrisréttindi til að lifa af þegar vinnu lýkur og eft- irlaunaárin taka við. Stærsti hluti eft- irlauna landsmanna er ellilífeyrir líf- eyrissjóða sem er oftast greiddur frá



Gunnar Baldvinsson

67 ára aldri til æviloka.

Nýlega hafa birst greinar og auglýsingar í dagblöðum þar sem líf- eyrissjóðirnir eru gagn- rýndir fyrir að nota ekki eignir sínar í annað en að greiða lífeyri. Þar er því haldið fram að nota mætti eignir sjóð- anna m.a. til að byggja hjúkrunarheimili fyrir aldraða og sjúka. Ætla verður að þessi skoðun sé byggð á misskilningi

eða þekkingarleysi á lögum og til- gangi lífeyrissjóða.

Það er vissulega rétt að lífeyr- issjóðir eiga miklar eignir eða digra sjóði eins og það er orðað. Hins vegar virðist það hafa gleymst að lífeyr- issjóðirnir hafa skyldum að gegna og á bak við eignirnar eru skuldbind- ingar. Hlutverk lífeyrissjóða er að greiða eftirlaun til æviloka þegar starfsævi lýkur, greiða örorkulífeyri ef einstaklingar verða óvinnufærir vegna örorku og styðja maka og börn við fráfall sjóðfélaga.

» Það hlýtur að stafa af misskilningi eða þekkingarleysi að telja að lífeyrissjóðir geti ráðstafað fjármunum sjóðfélaga í annað en að greiða lífeyri

Sjóðfélagar greiða iðgjöld til sjóð- anna, sem samanstanda af framlagi launþega og mótframlagi launagreið- enda. Fyrir iðgjöldin eignast þeir réttindi en lífeyrissjóðirnir leggja fjármunina til hliðar til að greiða sjóð- félögum eða aðstandendum þeirra líf- eyri síðar. Sjóðirnir hafa ekki heimild til að ráðstafa iðgjöldunum í neitt annað.

Bændur og búalið fyrir tíma hefðu ekki lifað af þorrann og góuna ef þeir hefðu nýtt sumarhýruna í annað en að birgja sig fyrir veturinn. Sömu gildi eiga við um lífeyrissparnað. Sem betur fer liggur það fyrir flestum okkar að eldast og fara á eftirlaun einhvern tíma í framtíðinni. Þá verður gott að eiga rétt á eftirlaunum sem endast ævina alla og gildir þá einu hvort við lifum lengi eða stutt.

Höfundur er formaður Landssamtaka lífeyrissjóða og fram- kvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.

